

Fundargerð

277. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á Hótel Nordica, föstudaginn 9. janúar 2026, kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Ásdís Kristjánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Orri V. Hlöðversson, Valdimar Víðisson, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Birgir Finnsson, Aldís Rún Lárusdóttir og Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

Heiða Björg Hilmisdóttir var fjarverandi sem og varamaður hennar. Valdimar Víðisson stýrði fundi í fjarveru formanns og varaformanns. Orri V. Hlöðversson sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

1. Starfsáætlun stjórnar 2026 - 2601010

Starfsáætlun um fundardaga og helstu viðfangsefni stjórnarfundar ársins lögð fram.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 277 1.1 Starfsáætlun stjórnar 2026.pdf

2. Mat á endurskoðun starfs- og_eða siðareglna stjórnar - 2601012

Á fyrsta stjórnarfundum hvers árs er metið hvort þörf sé talin á því að endurskoða starfs- og/eða siðareglur stjórnar. Siðareglur stjórnar voru síðast samþykktar í október 2022 og starfsreglur í október 2024.

Niðurstaða

Stjórn telur ekki þörf á endurskoðun starfs- eða siðareglna stjórnar að þessu sinni.

3. Mat á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra - 2601013

Á fyrsta stjórnarfundum hvers árs er farið yfir hvort þörf sé á að fá innri endurskoðun eða annan utanaðkomandi aðila til þess að leggja mat á störf stjórnar eða slökkviliðsstjóra, sbr. kafla 10 í starfsreglum stjórnar.

Niðurstaða

Stjórn telur ekki ástæðu til þess að láta framkvæma mat á störfum stjórnar eða slökkviliðsstjóra á þessu ári. Lagt er til að miðað verði við að slíkt mat fari fram á miðju kjörtímabili hverju sinni.

4. Mat á framsetningu gagna til stjórnar - 2601014

Á fyrsta stjórnarfundum hvers árs er farið yfir hvort innri endurskoðun eða annar

utanaðkomandi aðili verði fenginn til þess að fara yfir framsetningu skriflegra upplýsinga sem slökkviliðsstjóri veitir stjórn um rekstur SHS og fjárhagsstöðu eða hvort stjórn leggi mat á það sjálf hvort gögnin séu fullnægjandi til þess að stjórnin geti rækt sínar skyldur, sbr. gr. 4.4 í starfsreglum stjórnar.

Niðurstaða

Stjórn telur framsetningu gagna slökkviliðsstjóra sl. ár hafa verið fullnægjandi til þess að henni hafi verið gert kleift að rækja skyldur sínar. Ekki er talin þörf á að fá utanaðkomandi aðila til þess að leggja mat á gögnin að þessu sinni.

5. Aðalfundur 2026 - 2601015

Samkvæmt starfsreglum stjórnar ber að halda aðalfund fyrir 1. desember ár hvert og taka þarf ákvörðun um dagsetningu hans.

Niðurstaða

Frestað. Stjórn telur að það gæti verið skynsamlegt að breyta fyrirkomulagi aðalfunda byggðasamlaga aftur í fyrra form og halda þá sameiginlega. Formanni stjórnar er falið að taka málið upp á vettvangi SSH.

6. Árleg eftirlitsáætlun SHS 2026 - 2601016

Í samræmi við reglugerð skal eftirlitsáætlun slökkviliðsstjóra vegna eldvarnaskoðana forvarnasviðs fyrir ár hvert liggja fyrir 1. febrúar ár hvert og er sviðið að leggja lokahönd á hana. Aldís Rún Lárusdóttir sviðsstjóri forvarnasviðs fer yfir forsendur áætlunarinnar og skoðunaraðferðir.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 277 6.1 Minnisblað - Eftirlitsáætlun 2026.pdf

7. Breyting á stjórn SHS í janúar 2026 - 2601011

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur tilnefnt Alexöndru Briem sem varafulltrúa í stjórn SHS í stað Dóru Bjartar Guðjónsdóttur.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 277 7.1 Kosning í stjórn - Tilkynning um afgreiðslu borgarstjórnar.pdf

8. Önnur mál 2026 - 2601007

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 09:00.

Orri V. Hlööversson

Valdimar Víðisson

Almar Guðmundsson

Regína Ásvaldsdóttir

Þór Sigurgeirsson

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

